

Reykjavík, 20. mars 2000

Nefndasvið Alþingis (Menntamálanefnd)
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 125/1116
komudagur 21.3.2000

Umsögn um Frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum

Pökk fyrir bréf dags. 24. febrúar með beiðni um umsögn um „frumvarp til höfundalaga, 325 mál, EES-reglur“.

Stjórn Hagþenkis fagnar þeim ákvæðum í frumvarpinu sem styrkja rétt höfunda og auðvelda upplýsingagjöf um rétt þeirra. Átt er við ábendingar eins og í 1. gr. umrædds frumvarps þar sem minnt er á almenn skilyrði fyrir höfundaréttarlegri vernd og höfundarétt að verkum sem gagnagrunnur kann að geyma. Þetta gildir einnig um 6. gr. frumvarpsins og í lok 10. gr.

Stjórnin telur röklegt og gagnlegt að þeim breytingum, sem lagðar eru til með 1. gr. frumvarpsins, fylgi viðbót við 2. gr. höfundalaga 3. mgr. þannig að málsgreinin verði orðuð þannig:


Verk telst birt þegar það er með réttri heimild flutt eða sýnt opinberlega, komið fyrir í gagnagrunni, sbr. 6. gr. 4. mgr., eða eintök af því hafa verið gefin út, eins og segir í 2. mgr.

Stjórnin skorar á menntamálanefnd Alþingis að gera að tillögu sinni ofangreinda breytingu á 2. gr. höfundalaga. Það mundi auðvelda rétthöfum að kynna rétt sinn samhliða þróun nýrrar birtingartækni.

Stjórnin tekur undir það sjónarmið sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu að „... hið fyrsta þarf að breyta ákvæðum laganna varðandi gjöld fyrir upptöku verka til einkanota til samræmis við gjörbreytta upptökutækni.“

Virðingarfyllst,

F.h. Hagþenkis



Gísli Sigurðsson

formaður



Hörður Bergmann

framkvæmdastjóri